

REGLUGERÐ

um vörslufjárreikninga váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um váttryggingamiðlara sem hafa útgefið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins skv. 6. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga og váttryggingaumboðsmenn sem eru skráðir hjá váttryggingafélagi og Fjármálaeftirlitinu skv. 2. mgr. 16. gr. sömu laga.

2. gr.

Aðgreining fjármuna.

Váttryggingamiðlari og váttryggingaumboðsmanni er skylt að halda þeim fjármunum, sem tekið er við í þágu annarra, aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi. Þeim er jafnframt skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um vörslufé í samræmi við reglugerð þessa.

II. KAFLI

Vörslufé.

3. gr.

Viðskiptareikningur vegna vörslufjár.

Váttryggingamiðlari og váttryggingaumboðsmaður, sem varðveita fé viðskiptavina sinna, skulu færa sérstakan viðskiptareikning í bókhaldi sínu, sem sýnir inneign viðskiptavinar á hverjum tíma. Á reikninginn skal færa allt fé, sem váttryggingamiðlari eða váttryggingaumboðsmaður tekur við til varðveislu vegna dreifingar váttrygginga. Ekki er skylt að færa á reikninginn fé, sem tekið er við og skilað samdægurs.

Váttryggingamiðlari og váttryggingaumboðsmaður skulu einnig færa sérstakan, sameiginlegan viðskiptareikning, vörslufjárreikning, sem sýnir á hverjum tíma samanlagðar innstæður allra viðskiptavina á viðskiptareikningum skv. 1. mgr. Þegar sérstakar aðstæður mæla með því er heimilt að færa vörslufjárreikninga vegna einstakra viðskiptavina.

4. gr.

Vörslufjárreikningur í viðskiptabanka eða sparisjóði.

Fjárhæð, sem samsvarar stöðu vörslufjárreiknings í bókhaldi váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanns, skal varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, vörslufjárreikningi. Ef váttryggingamiðlari eða váttryggingaumboðsmaður er jafnframt viðskiptabanki eða sparisjóður skal þeim heimilt að stofna sjálfir slíka vörslufjárreikninga. Vörslufjárreikningur skal stofnaður á nafni váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Váttryggingamiðlari eða váttryggingaumboðsmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt þessari grein og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningurinn skal aðgreindur frá eigin fé váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanns og stendur innstæðan á honum utan skuldaraðar við skipti á búi hans. Hið sama á við ef starfsemi váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanns er rekin í nafni félags.

5. gr.

Sérstakar reglur um vörslufjárreikninga.

Vörslufjárreikninga er einungis heimilt að stofna í viðskiptabönkum eða sparisjóðum, sem með tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins hafa skuldbundið sig til þess að fylgja eftirfarandi reglum:

- Viðskiptabanka eða sparisjóði skal óheimilt að skuldfæra á vörslufjárreikning nokkurn kostnað vegna viðskipta við váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmann eða nota innstæðuna til skuldajöfnunar krafna gegn honum eða einstökum viðskiptamönnum hans.

- b. Viðskiptabanka eða sparisjóði skal óheimilt að ráðstafa fjármunum af vörslufjárreikningi nema gegn skriflegum eða rafrænum fyrirmælum frá váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanni. Skulu slík fyrirmæli varðveitt hjá viðkomandi lánastofnun með sama hætti og bókhaldsgögn.
- c. Viðskiptabanka eða sparisjóði er skylt að senda Fjármálaeftirlitinu staðfest yfirlit um stöðu og hreyfingar á vörslufjárreikningi hvenær sem Fjármálaeftirlitið kallar eftir slíku yfirliti.
- d. Viðskiptabanka eða sparisjóði er skylt að sæta því að Fjármálaeftirlitið stöðvi notkun vörslufjárreiknings. Hafi notkun verið stöðvuð er óheimilt að greiða af reikningnum án heimildar trúnaðarmanns, sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir.

6. gr.

Skylda til að leggja fé á vörslufjárreikning.

Váttryggingamiðlari eða váttryggingaumboðsmaður skal eftir að hann hefur móttengið fjármuni frá viðskiptamanni sínum eða öðrum leggja allt fé sem hann tekur við og honum ber að færa á vörslufjárreikning í bókhaldi sínu skv. 4. gr., á vörslufjárreikning í viðskiptabanka eða sparisjóði.

7. gr.

Heimild til greiðslu af vörslufjárreikningi.

Út af vörslufjárreikningi má aðeins taka ef og þegar:

- a. Fé greiðist til viðskiptavinar eða er notað til greiðslu fyrir hans hönd samkvæmt skriflegri heimild þar um;
- b. Váttryggingamiðlari eða váttryggingaumboðsmaður á fé hjá viðskiptavini sínum vegna gjaldfallins endurgjalds eða útlags kostnaðar samkvæmt rétt bókfærðri stöðu viðskiptareiknings hans, enda sé fullnægt skilyrðum til skuldajöfnunar;
- c. Rétt uppgjör og afstemming vörslufjárreiknings hefur farið fram og sannreynt er að á honum er fé, sem er umfram skuldbindingar.

8. gr.

Skylda til að stemma af reikninga.

Váttryggingamiðlari og váttryggingaumboðsmaður skulu á minnst þriggja mánaða fresti bera saman og staðreyna að innstæða á vörslufjárreikningi samsvari bókfærðri stöðu vörslufjárreiknings í bókhaldi. Á sama hátt skulu þeir bera saman og staðreyna að samtala viðskiptareikninga viðskiptavina samsvari stöðu vörslufjárreiknings í bókhaldi. Komi í ljós, að innstæða á vörslufjárreikningi er lægri en nemur heildarskuldbindingum váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanns samkvæmt vörslufjárreikningi í bókhaldi hans, skal hann tafarlaust bæta úr því. Gögn, sem sýna að vörslufjárreikningur í banka og bókhaldi hafi verið stemmdur af, skal váttryggingamiðlari og váttryggingaumboðsmaður varðveita með sama hætti og önnur bókhaldsgögn.

III. KAFLI

Eftirlit.

9. gr.

Yfirlýsing til Fjármálaeftirlitsins.

Váttryggingamiðlari skal fyrir lok aprílmánaðar ár hvert senda Fjármálaeftirlitinu, á þar til gerðu eyðublaði, sem Fjármálaeftirlitið lætur í té, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um stöðu vörslufjárreiknings í banka 31. desember á liðnu ári. Staða vörslufjár á reikningnum skal ekki vera lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi.

Váttryggingaumboðsmaður og/eða það váttryggingafélag sem hann starfar fyrir skal fyrir lok aprílmánaðar ár hvert senda Fjármálaeftirlitinu, á þar til gerðu eyðublaði, sem Fjármálaeftirlitið lætur í té, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um stöðu vörslufjárreiknings í banka 31. desember á liðnu ári. Staða vörslufjár á reikningnum skal ekki vera lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 21. gr. laga um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019, öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð um fjárvörslureikninga váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna nr. 590/2005.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 24. apríl 2023.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Elisabet Júlíusdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.